

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðrhafnar, reit 5.4c.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar, dags. 13. júní 2017, var samþykkt að vísa óverulegri breytingu á deiliskipulagi Suðrhafnar, reit 5.4c, til grenndarkynningar. Deiliskipulagsbreytingin felst í því að lóðamörk á milli lóðanna Óseyrarbraut 25, 27 og 27b breytast og byggingarreitir lóða nr. 25 og 27 minnka. Deiliskipulagsbreytingin hefur verið grenndarkynnt samkvæmt 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 1. mgr. 2. gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 3. júlí 2017.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.